



vorráðstefna

Viðskiptafræðistofnunar Háskóla Íslands

Katrín Júlíusdóttir

iðnaðarráðherra

Háskóla Íslands 13. apríl 2011

Hvernig

... geta rannsóknir háskóla stutt við þróun atvinnulífsins?

... getur þekking háskólasamfélagsins skilað sér á jákvæðan hátt inn í rekstur fyrirtækja?

... getur háskólasamfélagið og atvinnulífið unnið saman að rannsóknum á íslensku atvinnulífi?

VARÚÐ - SPRENGJUSVÆÐI

hagsmunir

hugmyndir

ÁRÓÐUR

fjármunir

... mikilvægt að vísindasamfélagið sé
á varðbergi gagnvart því hvernig
fræðin kunna að vera misnotuð til að
þjóna sérhagsmunum í samfélaginu ...

Rannsóknarskýrsla Alþingis

Varnaðarorð Adams Smiths

Hefði ekki Alþingi Íslendinga átt að huga að varnaðarorðum Adams Smiths á þeim tímum þegar Viðskiptaráð hreykti sér af því að 90 % af tillögum, sem settar voru fram af þess hálfu, hefðu ratað inn í lög, reglugerðir og ákvarðanir ríkisvaldsins?

Ef til vill lagði Háskólinn að einhverju leyti grunn að þessari tillögugerð Viðskiptaráðs?

Nýtt jafnvægi



Það er eitt af brýnustu samstarfsverkefnum ríkis- og háskóla að ræða og finna nýtt jafnvægi – rétta jafnvægið milli ríkis-, markaðar og samfélags.

Háskólar og fyrirtæki tala ekki sama tungumál og leggja ólík siðferðisviðmið til grundvallar.

Samt hefur aldrei verið mikilvægara en nú að þau tali saman og eigi samstarf um að stuðla að og miðla þekkingu og nýsköpun.

samskiptafulltrúar háskólans

Spurning er hvort háskólar ættu ekki að hafa á sínum snærum sérstaka samskiptafulltrúa sem leiðbeina um samstarf við atvinnulífið.

Einnig hefur verið á það bent að meira mætti vera um að vísindamenn starfi ýmist hjá fyrirtækjum eða innan veggja háskólanna.

Okkur er það stórlega til vansa hvernig framlag háskólamanna er sífellt sett í þröngt pólitískt samhengi, þar sem fræðimenn eru umsvifalaust dregnir í dilka, með og móti ríkisstjórn, með eða á móti Baugi eða eitthvað þessháttar og veist að þeim persónulega með dólgslegum skrifum og ummælum.

Siðbót í umræðu!

Ég kalla eftir leiðbeiningu frá háskólasamfélaginu

Í engu landi sem ég þekki til er eins mikill viðvarandi ágreiningur og á Íslandi um staðreyndir, tölur og tæknileg atriði.

Meðan deilt er um slíka þætti er ólíklegt að okkur gangi vel að velja milli leiða og kosta.

krónan gefur okkur tvo kosti
– og hvorugan góðan!

Síendurteknar kollsteypur
gengisfellinga og
kjararýrnunar launafólks,
sem við þekkjum allt of
vel.

Byggja upp risastóran gjaldeyris-
varasjóð og binda krónu á móti
hverri krónu sem fer út úr
landinu í jafnvægissjóðum til þess
að verja okkur áföllum.

Mikilvægi þess að að akademían hlaupi ekki eftir
hagsmunaklíkum eða pólitískum áróðurshópum

Fyrirtæki

Stjórnvöld

Háskólar

Úrlausnarefnið á Íslandi hefur m.a. tengst fámenni, dreifbýli, smæð fyrirtækja, skorti á heildarstefnu, margskiptu framkvæmdavaldi, sundurtættu stuðningskerfi, veikum háskólum og hrepparíg.

Þetta er ekki fögur mynd sem hér er dregin upp, en hún er ekki verri en svo að við getum vel bætt hana m.a. með því að veita saman ólíkum straumum – en nýsköpunin er að jafnaði ferskust á mótum ólíkra strauma.

Vísindagarður í Vatnsmýrinni ...

... í faðmi stóru háskólanna HÍ og HR – og í nágrenni við háskólasjúkrahúsið, Íslenska erfðagreiningu og fleiri.

Iðnaðarráðuneytið myndi vilja flytja stofnanir ráðuneytisins inn í þennan veigamikla þekkingarklasa, sem ótvírætt yrði þungamiðja frjórrar skapandi hugsunar og nýsköpunar.

Klasasamstarf

Orkufyrirtæki á sviði jarðhita

Sjávarútvegur

Matvælaframleiðsla

Skapandi greinar

Heilbrigðis- og líftækni

Ferðapjónusta

Allar þessar greinar eiga möguleika á að auka samkeppnishæfni sína með markvissu klasasamstarfi.

Vænlegasta leiðin til að fjölga atvinnutækifærum hratt og með

“hagkvæmum” hætti er að byggja á þeim fyrirtækjum sem til staðar eru í dag.

Þar er yfirleitt ódýrast að skapa ný atvinnutækifæri og þar leynast oftast áhættuminnstu tækifærin.

Enn í dag virðast margir stjórnendur fyrirtækja líta á nýsköpun eingöngu sem framleiðslu eða þjónustuþróun. Við þurfum aftur á móti að nálgast hugtakið „nýsköpun“ með nýjum og skýrari hætti; sem möguleika til að breyta öllum þáttum í rekstri starfandi fyrirtækja.

Nýsköpun á að snúast um alla þætti í rekstri fyrirtækja

Dæmi

Verkefni sem Rannsóknarmiðstöð skapandi greina innan Viðskiptafræðistofnunar HÍ er að hefja vinnu við fyrir iðnaðarráðuneytið.

Hinu nýja verkefni er ætlað að skoða stuðningsumhverfi skapandi greina á Íslandi í víðum skilningi, þar sem leitast verður við að skilja það umhverfi sem skapandi fyrirtæki búa við, hvaða stuðningur þeim stendur til boða og hvar þörf fyrir úrræði og stuðning er mest.

Í samvinnu við efnahags- og viðskiptaráðuneytið hefur verið ákveðið að Hagstofa Íslands greini miklu betur en nú er gert hlut nýrra atvinnugreina í atvinnu- og efnahagslífi.

Okkur er brýn þörf á því að fá það á hreint hver þýðing greina eins og hátækniðnaðar, hugbúnaðargeirans, skapandi greina og ferðamennsku er í raun í atvinnulífinu.

Á grundvelli slíkra greininga erum við betur í stakk búin til þess að taka ákvarðanir sem varða framtíðina.

Að vita meira og meira

Orkuskipti í samgöngum

Til umfjöllunar á Alþingi er þingsályktunartillaga um orkuskipti í samgöngum. Tilgangurinn er að stuðla að uppbyggingu græna hagkerfisins með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Náist það eru verðlaunin minni losun gróðurhúsalofttegunda, gjaldeyrissparnaður, sköpun nýrrar þekkingar og atvinnustarfsemi.

Ímyndið ykkur áhrifin ef

... 75% nýrra bifreiða, undir fimm tonnum á þyngd, ganga fyrir vistvænu eldsneyti 2020?

... hátækniíðnaður skapi 10% af landsframleiðslu og 15% af útflutningsverðmætum árið 2020?

... hlutfall innlendarar matvöru í neyslu landsmanna aukist um 10% fyrir 2020?

Hvernig?

Ég hef bent á hugmyndafræði iðnaðarráðuneytisins sem ég held að styðjist við góða og sannreynda reynslu víða um heim.

Við megum ekki falla í neina tískugryfju og þess vegna verður ætíð þörf umræðu og gagnrýni á hina opinberu stefnu.

Það er von mín að Vísinda- og tækniráði verði tryggðir fjármunir til enn frekari eflingar á næstu árum. Íslendingar verja nú rétt innan við 3% af landsframleiðslu til rannsókna, þróunar og nýsköpunar - en það markmið hefur verið sett að þetta hlutfall hafi komist í 4% árið 2020.

Fjölbreytni,
samkeppni
og alþjóðasamstarf

innan ramma skynsamlegrar stefnumótunar,
sem er opin fyrir rökstuddri gagnrýni,
á að varða veginn til aukins samstarfs
háskóla og atvinnulífs.